

## Kynning á niðurstöðum faghópa rammaáætlunar

Samráðsfundur með Samorku (hjá OR)

21. apríl 2010, kl. 12:10-15:00

U.þ.b. 50 gestir

Fundarfrásögn: Tómas Þór Tómasson

Fundurinn hófst með kynningum formanna faghópa (Guðni annaðist kynningu fyrir faghópa III og IV).

**Óli Grétar Sveinsson, LVP** (bar fram athugasemdir og spurningar úr sal en meðfylgjandi er minnisblað hans).

- a) Landsvirkjun mun senda inn formlega umsögn um niðurstöður faghópanna
- b) Faghópur I:
  - a. Gagnsæi og rekjanleiki í einkunnagjöf fyrir verðmætamat svæða og mati á áhrifum orkunýtingar
  - b. Ekki gagnsæi og rekjanleiki í einkunnagjöf fyrir lokaröðun virkjunarkosta
  - c. Ófullkomnar skýringar á huglægri leiðréttingu á mati: sérstakt mikilvægi, og óvissa/áhætta.
  - d. Norðlingaölduveita virðist sett innan Þjórsárvera þó svo áhrifasvæði hennar muni á engan hátt skerða víðerni veranna
  - e. Val á viðbótarsérfræðingum orkar tvímælis. Viðbótarsérfræðingar fá fullt vægi í einkunnagjöf.
  - f. Torfajökulsvæði og Kerlingarfjöll sem samfelld svæði:
  - g. Mögulegt að nýta svæði þar sem eru verndarverðar yfirborðsmyndandir án þess að hafa áhrif á þær
  - h. Ef þessi samfelldu svæði fara í verndarflokk þá er verið að útiloka frekari rannsóknir á hlutsvæðum sem hafa minna verndargildi
- c) Faghópur II:
  - a. Einkunnagjöf gagnsæ og rekjanleg
  - b. Grunnupplýsingar um ferðamennsku og útivist eru mjög takmarkaðar en samt eru dregnar mjög víðtækar ályktanir
  - c. Áhrif virkjunar ná langt út fyrir það ferðasvæði sem virkjunin er staðsett á
  - d. Virkjanir í Hagavatni og Hvítárvatni hafa áhrif á alla sem aka um Kjalveg
  - e. Gjástykki hefur áhrif inni Fremri Námur
  - f. Beitarhlunnindi metin á hlutlægan hátt æðri öðrum gróðurhagsmunum
  - g. Ekki tekið tillit til mótvægisáðgerða og uppgræðslu lands í stað þess sem spillist – á við almennt um öll svæði
  - h. Áhrif raflína: Upplýsingar notaðar beint frá faghópi 4 þó svo að þar sé gefinn fyrirvari um notkun á gögnum til ákvörðunar línulegu
  - i. Á fyrirlestri formanns faghóps 2 kom fram ósamræmi í veiðiáhrifum fyrir jarðavarmavirkjanir á Norðausturlandi við skýrslu faghópsins
- d) Faghópur III

- a. Athyglisverðar niðurstöður (misvísun í kafla um rökstuðning sambættrar einkunnar 5.2.2)
  - b. Niðurröðun milli mismunandi virkjunaráfanga sama virkjunarkosts virðist órókrétt (áhrifin eru í beinu hlutfalli við orkuframleiðslu)
  - c. Sambætt röðun virkjunarkosta í sama hagkvæmniflokki hjá faghópi 4 tekur mið af röðun faghóps 3
- e) Faghópur IV
- a. Aðferðarfræði ekki sambærileg við aðferðarfræði í 1. áfanga rammaáætlunar
  - b. Einungis er tekið mið af stofnkostnaði þegar raðað er í hagkvæmniflokka - Ekki er tekið tillit til mismunandi rekstrar- og viðhaldskostnaðar vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og ekki til mismunandi líftíma
  - c. Yfirfara aðferðafræði við tengikostnað og áhrif hans á innbyrðis röðun innan faghóps 4 fyrir sama hagkvæmniflokk – Einföld stafrófsröð hugsanlega gagnsærri

**Eiríkur Hjálmarsson, OR:**

- a) Gerði athugasemd við að faghóparnir taka til mats mis marga kosti og telur tilviljanakennt hvernig kostum er skellt saman eða þeir skildir að.
- b) Spurði um forsendur fyrir jöfnu faghóps III. Taldi að fastinn 0,3 felldi í sér innbyggða landshlutaskekkju.
- c) Taldi gæta tvíverknaðar í meti faghópa I og II þar sem t.d. fágæti svæðaværi metið af báðum hópum..
- d) Taka bæri skipulega fram í niðurstöðum hvaða upplýsingar skorti svo virkjunaraðilar gætu tekið upplýstar ákvarðanir um næstu skref. Slíkt væri mjög verðmætt fyrir orkufyrirtæki og rannsóknaraðila
- e) Faghópur II og ferðamennska: Taldi það veikur grunnur að leggja af stað með svari við einni spurningu úr einni könnun þar sem fullyrt væti að 71% erlendra ferðamanna segist koma til landsins vegna náttúrunnar. Sú niðurstaða sé á skjön við þá niðurstöður að um 20% erlendra ferðamanna ferðist upp á hálendið á meðan á dvöl þeirra stendur. Þá sé gengið út frá því að „náttúrusinnar“ séu einu túristarnir. Taldi skorta stefnumótun opinberra aðila/fyrirtækja/samtaka ferðaþjónustunnar. Hann taldi nálgun ábótavant og að t.d. virtist hópurnir ekki hafa notast við 140 skýrslur Ferðamálastofu u ferðamennsku, a.m.k. ekki samkvæmt tilvísunum í heimildir.
- f) Hann taldi að um væri að ræða „kerfisbundna skekkju“ í mati á háhitakostum eftir því hvaða fyrirtæki eigi í hlut og sé áberandi að valið sé LV í hag.
- g) Gagnrýndi aðferð sem notuð væri við mat á raflínulögnum; aðferðin væri ófullkomin og tiltók dæmi um að ekki væri ekki gengið út frá tengingu Hagavatnsvirkjunar við næstu raflínu heldur farið í mun fjarlægari tengipunkt.
- h) Eiríkur taldi rekstrarkostnað virkjana vanmetinn.

**Guðmundur Ó. Friðriksson, HS-Orka:**

Fyrirspurn til verkefnisstjórnar: Af hverju er stefnt að því að þessi áfangi rammaáætlunar fái lagalegu stöðu? Er það stefnan að þau svæði sem tilnefnt verði í verndarflokk séu þar með útilokuð fá mati í 3. áfanga? Tiltök sérstaklega Torfajökulssvæðið í þessu samhengi.

#### **Gústaf, Samorku:**

- a) Spurði faghóp II: Hversvegna er notast við AHP-röðunaraðferðina? Hvaða áhrif hafðu sí aðferð á loka niðurstöður?
- b) Faghópur II: Hversvegna er ekki tekið tillit til mótsvægisáhrifa orkuframkvæmda, t.d. gagnvart beitarlendi? Reynslan sýni að langoftast er komið til móts við rask með mótvægisáðgerðum. Hann taldi að í raun væri aldrei litið jákvætt vægi virkjanaframkvæmda gangvart ferðamennsku og útivist. Benti á 150 þús heimsóknir í virkjanir og nýja vegi sem opnu svæði og bæti aðgengi.
- c) Sterk rök skorti á afhverju Torfajökullssvæðið sé tekin sem ein heild. Ekki nægir að bera fyrir sig ónógar upplýsingar.
- d) Hversvegna eru einkunnarskalar mismunandi milli faghópa I og II? (Sigurður Lyngdal, Samorku, tók undir þessa spurningu.)

#### **Ásgeir Margeirsson,**

- a) Mat á beit og veiði vekur undrun. Spurði sérstaklega á hvaða gögnum mat á veiði væri byggt gagnvart veiði á NA-landi.
- b) Taldi undarlegt að mat tæki ekkert mið af mótvægisáðgerðum.
- c) Af hverju er virkjunum stillt upp á móti ferðamennsku/útivist? Eru umhverfisáhrif ferðamennsku metin?

Formenn faghópa brugðust við athugasemdum og fyrirspurnum:

#### **Guðni (faghópar III og IV):**

- a) Tengikostnaður. Niðurstaða hópsins var að í fáum tilfellum myndi tengikostnaður skipta það miklu máli að hann myndi flytja virkjunarkosti milli hagkvæmnisflokka. Þess vegna var tekin sú ákvörðun að láta þann hluta liggja milli hluta.
- b) Rekstrarkostnaður: Líftími vatnaflsvirkjana er nokkuð þekktur en hið sama á ekki við um jarðhitavirkjanir. Þó er líklegt að líftími vatnsafls sé lengri. Ef talið er að nýtingartíminn sé 40+ ár skiptir hann ekki máli. E.t.v. hefði verið ástæða til að skoða rekstrarkostnaðinn betur. Vert að benda á að kostnaðarhlutfall vegna vatnsafls og jarðhita breyttist verulega með breyttu gengi. Innflutningur er mun meiri í háhitavirkjanir en vatnsaflsvirkjanir. Einnig væri ástæða til að minna á að hagkvæmniflokkunin er mjög gróf.
- c) Kerfisbundin skekkja milli fyrirtækja. Slíkt mat hefði átt að koma fram í faghópnum en gerði það ekki. Sama verkfræðistofan hefði reiknað út flesta kosti og ætti því að vera sambærilegur. Fram lagðir útreikningar hefðu komið frá fyrirtækjunum sjálfum
- d) Landsbyggðarskekkja: Getur vel verið, getur verið jákvætt að virkja á landsbyggðinni út frá byggðalegum rökum.

#### **Anna (faghópur II):**

- a) Heimildir: Leituðum víða gagna og notuðum það sem við fundum. Þurftum að fylla upp í margar eyður eftir bestu getu. Taka skal fram að engar sérstakar rannsóknir á hagsmunum ferðamennsku og útivistar hafa verið kostaðar af rammaáætlun. Aftur á móti voru fjármunir settir í þróun á aðferðafærði.
- b) Afmörkun matsvæða: Þessi afmörkun er okkar mat og byggir að hluta á huglægu mati. Hér er ekki um „absalút“ afmörkun að ræða en framlagðir virkjunarkostir eru forsendan.
- c) Mótvægisgerðir. Tekið var tillit til þeirra þar sem slíkar aðgerðir höfðu verið kynntar.
- d) Rafhlínur: Hópurinn hefði getað beðið faghóp IV um nýtt mat en það va ekki gher, helst ú af tímaþröng.
- e) Heimsóknir í virkjanir: Auðvitað höfum við áhuga á og tökum tillit til gestatstofa virkjana þegar þær eru til staðar. Spurning hvort ástæða sé til að fjölga þeim, hvort þær eiga ekki fremur heima í virkjunum á röskuðum svæðum.
- f) Mat á fágæti: Fágætismat getur komið til af mismunandi nálgun hópanna. Hið sama má segja um mat á landslagi.
- g) Leiðbeiningar um skort á upplýsingum: Réttmæt ábending að fram komi hvað helst vanti í rannsóknum.
- h) Náttúrusinnar: Þótt náttúrusinnar séu lítil hluti af heildinni notum við þá mjög mikið í ímyndunarvinnu.
- i) Mat á veiði: Hópurinn lagði traust sitt á reynslu sérfræðings Veiðimálatstofnunar. Slepptum bæði beit og veiðum í loka áhrifamati/-AHP-mati vegna háhitakosta. Ferðamennska og útivist giltu þá 100%. Áhrif veiða á NA-landi voru því núlluð út.
- j) Jákvæð áhrif: Víða í mati okkar er komið inn á jákvæð áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist en það er matsatriði hvort tekið sé nægilegt tillit til slíks.

#### **Þóra (faghópur I):**

- a) Skipan hópsins: Aths um að í hópinn hefði vantað sérfræðing í vatnafari. Hefur ekkert eiginlegt svar, það kom til greina en af því varð ekki. Benti hins vegar á að í hópnum væru tveir vatnalífræðingar og gat ekki tekið undir þ.á gagnrýni að þeir hefðu litla reynslu af áhrifum virkjana á vatnafar; þeir hefðu t.d. góða reynslu af vinnu við mat á umhverfisáhrifum. Að henna mati væru innan hópsins væru sérfræðingar um áhrif virkjana.
- b) Ólíkur fjöldi kosta til mats: Faghópur I tók til mats var með 48 kosti. Endanlegur listi yfir virkjunarkosti kosti kom mjög seint fram og hóparnir höfðu mjög skamman tíma til umráða. Þeir kostir þar sem mestur hörgull var á gögnum sem var sleppt. Stundum fékk hópurinn afhent mjög góð gögn var okkur færð góð gögn, í öðrum tilfellum þurftum við sjálf að grafa upp tiltæk gögn með misjöfnum árangri.
- c) Áhrif AHP-mats: Benti á að fyrst hefði verðmæti svæða verið metin en síðan áhrif. Hópurinn hefðu getað skilað inn mati er byggði eingöngu á einkunnum. Hins vegar taldio hópurinn rétt að taka tillit til fleiri þátta, aðallega „sérstakt mikilvægi“ svæða. AHP er 30 ára viðurkennd aðferð til að raða mörgum möguleikum þar sem hver um sig hefur marga samsetta eindir. Hluti þessarar aðferðar byggir á af persónulegu mati. Niðurstaðan varð sú að AHP-aðferðin hafði í för með sér litlar breytingar varðandi röðinni sem byggði aðeins einkunnum. Sjálfsgagt væri að bæta inn á vef röðun virkjunarkosta út frá AHP-aðferð.
- d) Norðlingaölduveita: Lýsti forsendum fyrir afmörkun matssvæða og sérstaklega gagnvart Norðlingaölduveitu: Tókum vatnasvið fyrir ofan stífluna niður að Sultartanga því þar tók við raskað svæði.

Stefán Arnórsson, verkefnisstjórn: Minnti á að enn væri mikill skortur á gögnum og tók fram að um væri að ræða afar yfirgripsmikið verk. Þá ræddi hann stuttlega um lagafrumvarpið þar sem m.a. er stefnt að endurskoðun rammaáætlunar með regluegu millibili. Hans mat á fyrirspurnum var að um væri að ræða „sparðatíning“ og hann saknaði þess að fram kæmi framtíðarsýn á stóru myndina.

Svanfríður: Svaraði spurningunni um af hverju væri verið að setja lög sem vælri til þess fallin að til að „loka öllu“? Í lok 1. áfanga voru menn ósáttir við að niðurstöðurnar hefðu enga formlega stöðu heldur höfðu menn þær aðeins til hliðsjónar. Afstaða stjórnvalda var að nauðsynlegt væri að niðurstöðurnar öðluðust lögformlega stöðu, ekki síst til að skýra réttarstöðu allra aðila. Þá lýsti hún þeim drögum að lagafrumvarpi sem lægi fyrir en væri enn ekki komið fram, m.a. þeim þremur flokkum sem kostitættu að raðast í (vernd, bið og nýting). Til greina kæmi að loka einhverjum svæðum en a.m.k. væri með slíkum hætti hægt skýra stöðu einstakra svæða/kosta.

Fundi slitið kl.15:00.